2501266

Til: Forsetanefndar

Frá: Sviðsstjóra stjórnsýslusviðs

Dagsetning: 30. október 2026

Efni: Kjörnir starfshópar hjá Hafnarfjarðarkaupstað – mál 2501266

Á fundi forsetanefndar 19. október 2026 voru kjörnir starfshópar hjá sveitarfélaginu til umræðu. Í kjölfarið óskaði forsetanefnd eftir upplýsingum um fjölda starfhópa sem séu starfandi hjá sveitarfélaginu ásamt upplýsingum um fjölda fulltrúa, fjölda funda og kostnaði sundurliðað á hvern starfshóp. Óskað var eftir framangreindum upplýsingum frá 1. júní 2026.

Svar:

Stafshópar missa umboð sitt við lok kjörtímabils og hafa allir þeir starfshópar sem nú eru starfandi því verið skipaðir eftir að nýtt kjörtímabil hófst 1. júní 2026. Hér á eftir eru upplýsingar um stafshópa sem settir hafa verið af stað það sem af er kjörtímabili og miðast fjöldi funda við fundargerðir í málaskrá 30. október 2026.

Starfshópar

2606605 **Starfshópur um atvinnustefnu**
- Skipaður af bæjarráði með erindisbréfi 9. júlí 2026
- Fjöldi kjörinna fulltrúa: 3
- Fjöldi fundargerða í málaskrá: 5
- **Skil niðurstöðu:** Vinnan skal kynnt fyrir bæjarráði eigi síðar en fyrir árslok 2026 og lýkur starfshópurinn þar með störfum.

2601467 **Framkvæmdahópur um uppbyggingu golfvallar**
- Skipaður af bæjarráði með erindisbréfi 6. ágúst 2026
- Fjöldi kjörinna fulltrúa: 5
- Fjöldi fundargerða í málaskrá: 5
- **Skil niðurstöðu:** Erindisbréfið tilgreinir ekki lokadag. Hópurinn skal kynna bæjarráði reglulega vinnu og stöðu verkefnisins.

2608409 **Starfshópur um samræmingu stefnumörkunar á sviði umhverfismála**
- Skipaður af umhverfis- og framkvæmdaráði með erindisbréfi 16. september 2026
- Fjöldi kjörinna fulltrúa: 3
- Ekki hefur verið haldinn fundur í starfshópnum enn sem komið er
- **Skil niðurstöðu:** Vinnan skal kynnt fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði eigi síðar en fyrir mars 2027 og lýkur starfshópurinn þar með störfum.

Þóknanir

Þóknanir fyrir setu í starfshópi eru eftirfarandi:

Formaður: 3% þingfararkaups - nú **kr. 50.030-**

Almennur fulltrúi: 2% þingfararkaups - nú **kr. 33.354-**

Sveitarfélagið greiðir auk þess í launatengd gjöld 11,5% mótframlag í lífeyrissjóð.

Kostnaður á fund

Kostnaður við hvern við hvern fund þriggja manna starfshóps eru **kr. 129.940**.

Kostnaður við hvern við hvern fund fimm manna starfshóps eru **kr. 204.096**.

Kostnaður starfshópa

Samkvæmt fyrrgreindu er sundurliðaður kostnaður vegna starfshópa það sem af er kjörtímabil þessi:

Starfshópur um atvinnustefnu – 5 fundir	**kr. 649.699-**
Framkvæmdahópur um uppbyggingu golfvallar – 5 fundir	**kr. 1.020.481-**

Heildarkostnaður vegna starfshópa frá júní til október 2026 er því samtals **kr. 1.670.181-**